

Efnisyfirlit:

Inngangur	2
Leikskólinn Holtaborg.....	2
Starfsgrundvöllur Holtaborgar	3
Leikurinn.....	4
Könnunarleikurinn	6
Könnunaraðferðin	6
Einingakubbar	7
Lífsleikni	7
Hagnýtar upplýsingar.....	8
Útbúnaður leikskólabarna	8
Veikindi.....	8
Vistunartími barns og leikskólagjöld.	9
Daglegt líf.....	9
Dagskipulag Holtaborgar	9
Að koma og fara í leikskólann	10
Val.....	10
Hópastarf.....	11
Samverustundir	11
Útivera.....	12
Hreinlætisvenjur.....	12
Matartímar.....	13
Hvöld	13
Námssvið leikskólans	14
Hreyfing	14
Málrækt.....	15
Tákn með tali	16
Myndsköpun	16
Tónlist	17
Náttúra og umhverfi	17
Endurvinnsla og umhverfisvernd.....	18
Menning og samfélag.....	18
Hátíðir og hefðir.....	19
Tölvur.....	20
Verkefni elstu barna	20
Sumarskóli	21
Samstarf leik- og grunnskóla	21
Fjölmenning.....	21
Heiltæk skólastefna.....	22
Sérkennsla	22
Foreldrasamstarf	23
Foreldrafélag	23
Samstarf starfsfólks og stjórnunarhættir	24
Fundir	24
Heimildir	26

Inngangur

Leikskólinn Holtaborg heyrir undir Leikskólasvið Reykjavíkur og starfar samkvæmt *Lögum um leikskóla nr. 78* frá árinu 1994 og *Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225* frá árinu 1995. Þar er kveðið á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið og í samræmi við það var aðalnámskrá leikskóla gefin út árið 1999. Á grunni hennar ber sérhverjum leikskóla að semja skólanámskrá þar sem gerð er uppeldis- og námsáætlun til lengri eða skemmri tíma. Hver leikskóli hefur sjálfstæði til að móta sína uppeldisstefnu í samráði við foreldra og börn.

Megin tilgangur þessarar námskrár er að stuðla að skilvirkara starfi innan leikskólans og veita foreldrum upplýsingar um hvernig við störfum í leikskólanum Holtaborg. Í námskránni er gerð grein fyrir aðferðum og áherslum sem hafa þróast í leikskólanum. Allir starfsmenn sem koma að beinu starfi með börnum leikskólans eru nefndir kennarar í námskránni en það er á ábyrgð fagfólks að marka og framfylgja stefnu leikskólans.

Leikskólinn Holtaborg

Leikskólinn Holtaborg tilheyrir Laugardalshverfi í austurbæ Reykjavíkur og stendur við Sólheima 21. Leikskólinn tók fyrst til starfa árið 1965 í húsnæði K.F.U.M og K. við Holtaveg en flutti í núverandi húsnæði í september 1969. Í Holtaborg eru þrjár deildir sem heita Bláa deild, Rauða deild og Gula deild og dvelja þar að jafnaði 65 börn samtímis.

Barnahópnum er skipt eftir aldri og eru börnin 1- 2 ár á hverri deild. Starf hverrar deildar mótast af þroska barnanna og aldri og markmiðin færast frá hinu einfalda til hins flókna. Mikil virðing er borin fyrir leik barnanna og starf leikskólans miðar að því að vernda frjálsa leikinn og hlúa að honum. Könnunarleikurinn á yngri deildum er einnig grunnur sem við viljum byggja á (sjá bls 6). Markmið okkar er að héðan fari hæfir einstaklingar sem eru skapandi í hugsun og athöfnum og hafi sjálfstraust til að sýna það.

Á Bláu deild eru yngstu börnin. Þegar þau byrja í leikskólanum eru þau oft að takast á við aðskilnað frá foreldrum í fyrsta skipti. Við leggjum því áherslu á að veita þeim öryggi og mynda traust tengsl við þau strax frá upphafi. Umönnun barnsins

skipar stóran sess í daglegu lífi á Bláu deild. Könnunarleikurinn hefur verið fastur liður í starfi deildarinnar í nokkur ár (sjá bls. 6)

Á Rauðu deild eru 2-4 ára börn. Með auknum aldri og þroska er barnið tilbúið að takast á við ný og krefjandi verkefni. Barnahópurinn fer til dæmis í auknum mæli í ferðir út fyrir leikskólann og unnið er með þemaverkefni og könnunaraðferð (sjá bls. 6). Börnin þjálfast æ meir í að verða sjálfbjarga með það sem þau taka sér fyrir hendur.

Á Gulu deild dvelja elstu börn leikskólans. Eins og á yngri deildunum er það frjálsi leikurinn sem mestu máli skiptir. Leikur barnanna verður sífellt flóknari og mikilvægt er að hann fái að þróast í barnahópnum. Góður tími og rými skipta miklu máli, einnig að börnin fái tækifæri til að vera hreyfanleg með leik sinn og að til staðar sé spennandi og örvandi efniviður. Könnunaraðferðin (sjá bls 6) hefur verið að festast í sessi síðustu ár í starfi leikskólans og þá ekki síst á Gulu deild.

Starfsgrundvöllur Holtaborgar

Í Holtaborg er starfað eftir aðalnámskrá leikskóla og hefur starfsfólk komið sér saman um ákveðinn starfsgrundvöll sem byggir á kenningum þeirra fræðimanna sem við getum samsamað okkur við.

Bandaríski heimspekingurinn **John Dewey** (1859-1952) lagði höfuðáherslu á að virkja hina miklu athafnaþörf barnsins og að vekja áhuga þess. Hann taldi að barn ætti að læra af eigin reynslu, eigin virkni og eigin áhuga. Hinn fleygu orð Dewey „learning by doing“ urðu að einkunnarorðum þeirra sem störfuðu eftir kenningum hans. Dewey taldi barn læra best af því að kynnast hlutunum af eigin raun í stað þess að lesa um þá í bókum. Samkvæmt Dewey verður kennari að þekkja þroska og þarfir nemenda sinna til að skapa sem best skilyrði til náms. Hann lagði áherslu á að skapa lifandi tengsl milli skólans og þjóðfélagsins. Hann taldi uppeldi eiga að stuðla að eðlilegri samvirkni milli barns, uppalanda, uppeldisumhverfis og samfélags.

Lev Vygotsky (1896-1934) var rússneskur kennari og sálfræðingur. Hann lagði áherslu á mikilvægi fullorðinna í námi barna. Vygotsky talaði um *svæði mögulegs þroska* (e. zone of proximal development). Svæði mögulegs þroska er sú færni sem er á milli þess sem barn getur/skilur án aðstoðar og þess sem barn getur/skilur með hjálp kennara eða barna sem eru komin lengra í þroska. Samkvæmt Vygotsky er hlutverk að

sjá barninu fyrir verkefnum sem liggja innan *svæðis mögulegs þroska* og fylgja þeim eftir með leiðbeiningum eða stuðningi. Verkefnin eiga því að vera aðeins fyrir ofan getu barnanna frekar en að reyna á það sem þau geta fyrir. Vygotsky taldi nýja möguleika til náms opnast í ímyndunarleikjum barna. Í leik hegði barnið sér ávallt eins og það sé eldra en það er og geti tekist á við aðstæður sem það ræður ekki við án hjálpar í raunveruleikanum og sé því svæði hins mögulegs þroska. Vygotsky taldi hinn fullorðna þurfa að þekkja leik barna og vita hvenær hægt sé að grípa inni til að stuðla að aukinni færni.

Berit Bae (1944-) er lektor í uppeldisfræði við Háskólann í Osló. Hún hefur þróað kenningu um samskipti barna og fullorðinna sem byggir á rannsókn sem hún vann í norskum leikskólum. Í kenningu Bae eru tvö lykilhugtök sem eru *skilgreiningarvald* og *viðurkenning*. *Skilgreiningarvald* vísar til þess að þar sem barnið sé háð hinum fullorðna sé hann í sterkri stöðu til að leggja dóma „á skoðanir og athafnir barnsins, sem hafa mótandi áhrif á upplifun barnsins á sjálfu sér. Það sem ber því að leggja sérstaka áherslu á í leikskólauppeldi er að misnota ekki það skilgreiningarvald sem hinn fullorðni hefur yfir barninu. Í stað þess þarf hinn fullorðni að vera viðurkennandi í samskiptum sínum við barnið. Með *viðurkenningu* er átt við að hinn fullorðinn gangi út frá því að barnið sé sérfræðingur í eigin upplifunum. Það gerir hann með því að hlusta á barnið og reyna að setja sig í spor þess án þess að leggja dóm á upplifun þess eða skoðanir. Hinn fullorðni þarf ekki að vera sammála barninu í einu og öllu heldur að viðurkenna að það hafi sínar eigin skoðanir sem geta stangast á við skoðanir annarra. Með viðurkennandi samskiptum ýtum við undir að barnið þrói með sér jákvæða sjálfsmýnd því að upplifanir, hugsanir og tilfinningar þess eru virtar.

Leikurinn

Í leikskólauppeldi er leikurinn leiðandi hugtak og eru fræðimenn sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barnsins, lífstjáning þess og ríkjandi athöfn. Í leik þjálfar barnið heildstæða færni og einbeitingu sem undirbýr það meðal annars fyrir hið formlega nám sem tekur við eftir leikskólagöngu. Í leikskólanum leggjum við metnað í að starfsmenn þekki og virði leik barna. Við hlúum að leiknum með því að gefa honum góðan tíma í dagskipulaginu og huga vel að ytri þáttum eins og

barnahópnum, rými og efnivið. Gildi leiksins fyrir barnið felst í því að ímyndun þess þróast og eykst. Með leik sínum dregur barnið úr ótta og óöryggi, rannsakar umhverfi sitt, prófar reglur sem gilda í umhverfinu, býr til reglur og fylgir þeim. Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra.

Leikjum barna er oft skipt í eftirfarandi flokka:

- **Skynfæra- og hreyfileikir** eru einkennandi fyrir yngstu börnin. Í skynfæra og hreyfileikjum snerta börn og skynja hluti til þess að kynnst eðli þeirra.
- **Sköpunar- og byggingaleikir** eru taldir leggja grunn að og ýta undir vísindaáhuga og skilning barna. Þeir reyna á samhæfingu augna og handa.
- **Þykjustu- og hlutverkaleikir** eru af mörgum fræðimönnum taldir flóknasta leikjaformið þar sem reynir hvað mest á barnið. Mörg form eru á þessum leikjum. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum fara börn í mismunandi hlutverk. Þau þurfa að tala saman, útskýra og flytja skilaboð sem reynir á samskiptahæfni þeirra, vináttu og samvinnu.
- **Regluleikir** reyna á samskiptahæfni. Börnin koma sér upp eigin reglum og fara eftir þeim eða takast á við að fara eftir reglum sem eru „óbreytanlegar“.

Leikur barna er mismunandi eftir aldri og með auknum þroska verður leikurinn flóknari. Til að byrja með leika yngstu börnin **einleik** (e. solitary play). Þá leika þau sér með leikföng, sem eru ekki endilega þau sömu og önnur börn í hópnum leika með, og reyna ekki að nálgast önnur börn. Í **samhliðaleik** (e. parallel play) leikur barnið sér sjálf í barnahóp en velur sér sömu leikföng og önnur börn. Í hóp reynir barnið ekki að stjórna leiknum og leikur sér á sinn hátt. **Tengslaleikur** (e. associative play) er leikur með öðrum. Tengslin snúast um sameiginlegar athafnir, til dæmis að deila leikföngum. Barnið er farið að reyna að stjórna leiknum en leikurinn hefur ekkert sýnilegt skipulag eða sérstök markmið. **Samleikur** (e. cooperative play) er leikur í hóp sem hefur ákveðið skipulag og markmið. Börn á aldrinum 3-6 ára upplifa leik á annan hátt en þau yngri og hafa meiri leikgetu og leikhæfileika. Þau sækja í að leika við jafnaldra eða jafnoka. Á þessum aldri er þykjustu- og hlutverkaleikurinn, sem eflir félagslegan skilning barnanna, í mikilli þróun og börnin vinna úr reynslu sinni í gegnum leikinn.

Könnunarleikurinn

Könnunarleikurinn (e. heuristic play with objects) er aðferð sem kennd er við breska uppeldisfræðinginn Elinor Goldschmied. Nafngiftin undirstrikar hversu mikilvægur leikurinn er sem leið til könnunar og rannsóknar og um leið er honum gefinn sú virðing sem hann verðskuldar.

Í stuttu máli felst aðferðin í því að litlum hópi barna, á öðru aldursári, er boðið upp á margs konar efnivið og hluti úr daglegu lífi sem þau leika með og kanna án íhlutunar hinna fullorðnu. Börn á þessum aldri hafa mikla þörf fyrir að kanna og uppgötva sjálf hvernig hlutir virka og hvernig er hægt að hafa áhrif á verkun þeirra. Til að gefa einhverja hugmynd um leikefni eru notaðar niðursuðudósir og dollur í öllum stærðum, dúskar, borðtenniskúlur, hárrúllur, fínar keðjur, borðar, lyklar, pappahólkar, kork-og gosflöskutappar, könglar, kuðungar og skeljar. Könnunarleikurinn fer fram í ákveðnu rými þar sem börnin verða ekki fyrir utanaðkomandi truflun og stendur í ákveðinn tíma. Sami kennari fylgir börnunum í könnunarleik allan veturinn. Kostir aðferðarinnar felast ekki síst í því hversu aðgengileg hún er og auðvelt fyrir nýja kennara að tileinka sér hana.

Könnunaraðferðin

Könnunaraðferðin er leið til að auka þekkingu okkar á hverju sem við viljum skoða nánar. Sem kennsluáðferð miðar hún að því að barnið sjálf sé virkur þátttakandi í námsferlinu. Barnið hefur áhrif á hvaða viðfangsefni er tekið fyrir og hvaða leiðir eru farnar til að rannsaka og skoða öll fyrirbæri sem barnahópurinn telur tengjast því.

Þegar könnunaraðferðinni er beitt hefst ferlið með því að kennarinn fylgist með hvar áhugi barnanna liggur og í samráði við þau er ákveðið viðfangsefni sem þau vilja kanna nánar. Það að vekja áhuga barnanna eykur forvitni þeirra sem leiðir til aukinnar þekkingar. Þegar viðfangsefni hefur verið valið leggja allir sitt af mörkum og búinn er til þekkingarvefur þar sem allt sem börnin vita um viðfangsefnið er skráð niður. Á eftir íhuga börn og kennari leiðir til þess að læra meira um viðfangsefnið. Hlutverk kennarans er að hvetja börnin til að koma fram með eigin hugmyndir og leiðbeina þeim án þess að taka af þeim ráðin. Spurningar vakna og þá er mikilvægara að koma ekki með tilbúin svör heldur aðstoða þau við að leita þeirra á eigin spýtur. Í Holtaborg hafa sérfræðingar komið í leikskólann til að svara spurningum barnanna,

farið hefur verið í vettvangsferðir og teknar ljósmyndir til að skrá ferlið, gerðar teikningar og myndverk. Í lok verkefnis deila börnin því sem þau hafa lært með öðrum. Þau ákveða hvað þau vilja sýna og hvernig. Með því sjá þau tilganginn með vinnu sinni og öðlast sjálfstraust og skilning á efninu. Lengd hvers verkefnis getur verið allt frá nokkrum dögum upp í marga mánuði allt eftir því hversu börnin og kennari þeirra fara með hugmyndir sínar og sköpunargáfu.

Einingakubbar

Í Holtaborg vinna börnin svokallaða einingakubbum sem voru hannaðir af Caroline Pratt í upphafi tuttugustu aldarinnar. Pratt aðhylltist sömu hugmyndir og John Dewey og hélt því fram að löngun barna til að læra væri meðfædd og að aðalnámsleið þeirra væri leikurinn. Einingakubbarnir eru smíðaðir úr vönduðum ólituðum viði. Stærð kubbanna er í ákveðnum stærðfræðilegum og flest allir kubbar eru margfeldi eða brot úr einum og sama kubbum, svokölluðum einingakubb. Kubbarnar eru opið leikefni það er að segja þeir gefa ekki fyrirfram ákveðnar lausnir heldur höfða til sjálfstæðrar og skapandi hugsunar.

- 1-3 ára. Fyrst í stað eru börnin að upplifa kubbana með því að snerta þá og handfjatla. Eftir það raða þau kubbum óreglulega á gólfíð, stafla þeim upp, brúa á milli tveggja kubba og búa til ramma.
- 3-6 ára. Um þriggja ára aldur fara að koma í ljós mynstur í byggingum barnanna. Nú fara þær að standa fyrir eitthvað ákveðið til dæmis hús, búðir og fleira. Á þessum aldri verður hlutverkaleikurinn meira áberandi og drjúgur tími barnanna fer í að búa til umgjörð um leik þeirra með kubbum.

Lífsleikni

Lífsleikni kemur inn á allt starf í leikskólanum. Við leggjum áherslu á traust og jákvæð tengsl milli barns og kennara í öruggu námsumhverfi. Öll samskipti og umönnun miðar að því að styrkja jákvæða sjálfsmynd barnsins og trú þess á eigin getu. Með sterka sjálfsmynd og í öruggu umhverfi er líklegra að barnið öðlist færni til að greina og tjá tilfinningar og segja frá hugsunum sínum og skoðunum. Unnið er með tilfinningar, samhygð og vináttu í gegnum leikinn, lestur bóka, söngva, umræður

og félagsfærnisögur sem eru stuttar sögur sem lýsa aðstæðum sem erfitt getur verið að skilja. Með þessu lærir barnið að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum, taka ábyrgð á eigin gjörðum, leysa úr ágreiningi og sýna umburðarlyndi. Mikilvægt er að börnin læri að tileinka sér vissar umgengnisreglur og skilji tilgang þeirra. Einn liður í því er að börnin tjái sig um hvernig þeim finnst hlutirnir eiga að vera. Þegar þau hafa þroska til taka þau þátt í að ákveða hvaða kröfur við gerum til hvers annars í leikskólanum.

Hagnýtar upplýsingar

Útbúnaður leikskólabarna

Barn þarf að vera vel útbúið til þess að geta notið veru sinnar í leikskólanum. Klæðnaður þarf að vera þægilegur og innifatnaður þannig að barnið geti tekið þátt í margvíslegu starfi leikskólans svo sem myndlist og hreyfingu. Í leikskólanum er hlífðarfatnaður til staðar í listaskála en stundum fer í gegn eða framhjá þegar börnin eru niðursokkinn í skapand starf. Við mælumst til að barninu fylgi taska með þeim útbúnaði sem barnið þarf á að halda hverju sinni. Á föstudögum á að tæma hólfi barnsins og fara í gegn um það sem er í töskunni og athuga hvort eitthvað vantar. Við viljum þó höfða til ábyrgðar foreldra um að fylgjast með því hvort barnið vanti aukaföt þess á milli. Það sem á að fara í töskuna er: aukaföt*, kuldagalli (vetur), þykk peysa, regnföt, stígvél, ullarsokkar, vettlingar og húfa. Í leysingum á vorin er nauðsynlegt að börnin mæti með meira af aukafatnaði í leikskólann og á sumrin mælumst við til að börnin komi með buff eða derhúfu.

*(nærföt, sokkabuxur, sokkar, peysa, buxur,)

Veikindi

Í leikskólanum er ekki tekið á móti veiku barni og er það gert bæði vegna barnsins og hættu á smiti fyrir önnur börn. Nauðsynlegt er að barnið jafni sig vel á veikindum sínum og sé heima a.m.k. einn dag hitalaust áður en það mætir í leikskólann. Við mælumst til þess að veikindi barns séu tilkynnt í síma 553-1440. Börnum eru ekki gefin lyf í leikskólanum nema brýna nauðsyn beri til. Eftir veikindi geta börnin fengið að vera inni í einn til tvo daga í samráði við deildarstjóra hversrar deildar.

Vistunartími barns og leikskólagjöld.

Það er nauðsynlegt að foreldrar virði umsaminn vistunartíma barnsins. Starfsfólk leikskólans raðast niður eftir fjölda barna yfir daginn og þar er oft lítil sveigjanleiki fyrir hendi. Ef foreldrar láta vita um einstök tilfelli með fyrirvara er reynt að mæta því eftir bestu getu. Gjald vegna leikskóladvalar er greitt fyrirfram og er júlí gjaldfrjáls mánuður fyrir þau börn sem hafa verið í leikskóla heilt skólaár. Uppsagnarfrestur leikskólaláss er einn mánuður frá beggja hálfu og geta vanskil á gjöldum leitt til uppsagnar á leikskólalássi.

Daglegt líf

Daglegar venjur fléttast saman við leik og nám og eru hluti af því að byggja upp heildstæða færni hjá börnunum. Þær stuðla einnig að því að barnið finni fyrir öryggi í leikskólanum. Með tilliti til aldurs og þroska barnanna er hrynjandi dagsins skipulögð til að veita þá festu og sveigjanleika sem skapa best skilyrði til náms.

Dagskipulag Holtaborgar

07:30-08:00	Leikskólinn opnar. Tekið er á móti börnum á Rauðu deild
08:00-09:00	Börnin fara á sína deild og borða morgunmat.
08:15-09:45	Val/ Frjáls leikur/ Hópastarf
09:45-10:15	Samverustund/ Börnin fá ávexti
10:15-11:30	Útivera / Verkefni elstu barna
11:40-12:00	Söngstund
12:00-12:30	Hádegisverður
12:30-13:00	Hvíld
13:00-15:00	Frjáls leikur/ Rauða deild er með útiveru
15:00-15:20	Síðdegishressing
15:20-15:45	Samverustund
16:00-17:00	Frjáls leikur/ Gula og Bláa deild með útiveru*
17:00-17:30	Skilavakt í sal þar til leikskólinn lokar

*Í svartasta skammdeginu er ekki farið út á þessum tíma

Að koma og fara í leikskólann

Mikilvægt er að barnið finni á hverjum degi að það sé velkomið í leikskólann. Flest börn hafa þörf fyrir að þessi stund gangi alltaf eins fyrir sig, foreldrar hjálpi því að taka af sér og kennari taki síðan á móti því annað hvort í fataklefa eða heimastofu. Mikilvægt er að kennarar og foreldrar gefi sér stuttan tíma til að ræða líðan barnsins eða hvað svo sem varðar veru þess í leikskólanum. Barninu skal ávallt heilsað með nafni. Morgunverður er í boði til kl. 9.00 og yfirleitt byrjar barnið daginn á því að fá sér morgunverð. Ef barnið hefur borðað heima getur það farið strax í leik. Í lok dags kveðjum við og þökkum fyrir daginn.

Val

Það sem átt er við með vali er að á leiktíma eru ákveðin viðfangsefni, sem börnin velja á milli. Valið er rammi utan um frjálsa leikinn og byggir á þeirri hugmynd að barn læri og uni sér best þegar það fæst við það sem vekur áhuga þess. Það sem er í boði er sett fram myndrænt á valtöflu og merkja börnin við val sitt með nafninu sínu. Ákveðinn fjöldi barna getur valið hvert viðfangsefni og með því móti dreifast börnin í leik og einnig er stuðlað að því öll börn deildarinnar leiki hvert við annað.

- **1-3 ára:** Á Bláu deild er ekki eiginlegt valkerfi en kennari tekur fram úrval leikefnis og börnin velja á milli þess. Úthald yngstu barnanna í leik er mjög misjafnt en kennari er á hverju leiksvæði til að börnin geti farið á milli verkefna eins og hugur þeirra stendur til. Á Rauðu deild æfa börnin sig í að taka þátt í skipulögðu vali og merkja við val sitt með mynd af sér.
- **3-6 ára:** Valið fer fram í leiktíma á morgnana og er boðið upp á fjölbreytt viðfangsefni til dæmis einingakubba, tröllakubba, borðspil og hlutverkaleiki. Á valtöflu merkja börnin við val sitt með spjaldi með sínum nöfnum og þurfa meðal annars að finna út sjálf hvaða leiksvæði er ekki orðið fullskipað. Börnin læra fljótt að þekkja eigið nafn og félagá sinna svo valið felur í sér heilmikla ritmálsörvun. Eftir aldri og þroska barnanna eru auknar kröfur um að þau leiki í lengri tíma í þeim verkefnum sem þau velja, sem reynir á að þau finni nýja fleti í leik sínum.

Hópastarf

Hópastarf felst í því að tekin er frá fastur tími og rými þar sem nokkur börn taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem hæfa aldri þeirra og þroska. Lítil barnahópur vinnur saman allan veturinn með sama kennara og tekur hver stund um það bil eina klukkustund. Verkefnin geta verið allt frá því að setjast niður og leira til þess að taka þátt í kennslustund í grunnskóla. Í hópastarfi myndar barnið tengsl við jafningja sína, tilheyrir hópi og lærir að vinna með öðrum. Börnin þurfa að lúta ákveðnum reglum sem þau ræða sín á milli og með kennara sínum.

- **Bláa deild:** Öll börn fara einu sinni í viku í könnunarleik sem kemur í stað hefðbundins hópastarfs. Fjögur til fimm börn eru í hverjum hóp og hver stund tekur um 50 mínútur.
- **Rauða deild:** Börnin fara á hverjum degi í hópastarf með sínum kennara og taka þátt í leik og samverustund með sínum hóp. Á rauðu deild byrja börnin að tileinka sér könnunaraðferðina.
- **Gula deild:** Börnin fara þrisvar sinnum í viku í hópastarf. Í hópastarfi er farið í hreyfistund, unnið með könnunaraðferðina og unnin ýmis verkefni.

Samverustundir

Í samverustund koma börnin á hverri deild saman, með kennara sínum, annað hvort öll eða í minni hópum. Farið er í hópaleiki, lesnar bækur, unnið með markvissa málörvun, sungið, búin til leikrit eða sögur. Unnið er með vináttuna og lífsleikni og börnin æfa sig í framsögn og tjáningu. Miðað er við að samverustundin taki 10 til 20 mínútur. Fyrir hádegisverð koma öll börn á hverri deild saman í söngstund. Þá er sungið, hlustað á tónlist eða leikið á hljóðfæri svo fátt eitt sé nefnt. Við viljum að gleði einkenni allar samverustundir. Yfir vetrartímamann koma börn og kennarar af öllum deildum saman í sameiginlega söngstund á föstudögum og oftast en ekki eru börnin búin að undirbúa skemmtilegar uppákomur.

- **1-3 ára:** Á yngstu deild fara börnin í eina samverustund á dag og er mikið lagt upp úr söng og tónlist fyrstu mánuðina. Endurtekning skiptir miklu máli.
- **3-6 ára:** Á eldri deildum fara börnin í tvær samverustundir á dag í minni hópum og er barnahópnum skipt niður eftir aldri og þroska. Eftir útivist fyrir

hádegi þegar allir hafa þvegið sér og eru tilbúnir fyrir hádegisverð er komið saman í stutta söngstund sem allir taka þátt í.

Útivera

Með útiveru stuðlum við að heilbrigði og hreysti og börnin fá útrás fyrir hreyfipörf sína og leikgleði. Við höfum skjólgóðan garð austan megin við leikskólann og eru minnst þrír starfsmenn úti með börnunum á föstum útivistartímum. Í dagskipulagi er útivera tvisvar á dag, það er bæði fyrir og eftir hádegi. Auk þess sem við nýtum garðinn okkar til útivistar er reglulega farið í lengri eða styttri ferðir út fyrir leikskólalóðina. Eftir hádegi er reynt að gefa barnahópnum kost á meira vali með útiveru og geta þá nokkur börn í einu valið að vera inni í leik. Einnig er leitast við að draga úr álagi á garðinn með því að börn af öllum deildum fari ekki út á sama tíma eftir hádegi. Í garðinum eru leikföng og leiktæki til grófhreyfileikja og fyrir utan hefðbundið leikefni erum við að koma okkur upp safni af „alvöru“ eldhúsdóti sem auðgar frjálsa leikinn í bland við náttúrulegan efnivið eins og mold, sand, steina og vatn. Á Bláu deild er einungis farið í útivist fyrir hádegi yfir kaldasta tíma vetrarins.

Sumarstarf Á sumrin breytist lífið í leikskólanum, útivera barnanna er mun meiri en yfir vetrartímamann og börn og kennarar tínast í sumarfrí. Vetrarstarfið er brotið upp og leiksvæði barnanna í garðinum gert sem fjölbreyttast með því að færa starfið út. Tvo daga í viku er garðinum skipt upp í valsvæði þar sem ýmis verkefni eru í boði, til dæmis að mála við trönur, mála með vatni, sulla, smíða, blása sápukúlur og kríta. Einu sinni í viku fer hver deild í vettvangsferð út fyrir leikskólann. Á sumrin eru einnig skipulagðar þemavikur tileinkaðar listsköpun, tónlist, íþróttum og vatni.

Hreinlætisvenjur

Með heilbrigðum hreinlætisvenjum læra börnin líkamsumhirðu og efla líkamsvitund. Þau upplifa að það er gott að vera hreinn og að með því að hugsa vel um líkamann berum við um leið virðingu fyrir honum. Mikilvægt er að kennarar séu góðar fyrirmyndir. Á leiksvæðum barnanna gilda ákveðnar reglur um frágang og umgengni sem börn og fullorðnir bera sameiginlega ábyrgð á. Börnin hjálpast að við að ganga frá leikefni sem þau eru hætt að nota en við sýnum sveigjanleika þegar leikurinn þarf að fá að halda áfram síðar. Á eldri deildum taka börnin þátt í undirbúningi fyrir máltíðir og frágang á eftir.

- **1-3ja ára:** Börnunum er kennt að þvo sér um hendur fyrir máltíðir og eftir klósettferðir. Börnin læra að nota klúta til að þvo sér í framan eftir máltíðir. Í samstarfi við foreldra eru börnin vanin af bleiu
- **3-6 ára:** Börnin þvo sér sjálf um hendur fyrir máltíðir og eftir klósettferðir. Í leikskólastarfinu og við borðhald eru gerðar meiri kröfur til barnanna um að vera snyrtileg. Börnin fá klúta til að þvo sér eftir máltíðir.

Matartímar

Lögð er áhersla á að börnin borði hollan og fjölbreyttan mat. Á matseðlinum er miðað við að hafa sem mest af fersku hráefni og unnar fisk- eða kjötvörur eru í lágmarki. Grænmeti er haft með öllum máltíðum og ávextir í boði í ávaxtastundum. Við leggjum áherslu á að matmálstíminn sé jákvæð upplifun fyrir börnin og að þau læri almenna borðsiði og sjálfshjálp við matarborðið. Hver máltíð hefst þegar allir eru sestir og búið að segja „gjörið svo vel“. Í lokin þakka allir fyrir sig.

- **1-3 ára:** Börnin læra í byrjun fáar og einfaldar reglur. Þau eru hvött til að bjarga sér sjálf en fá aðstoð eftir þörfum. Börnin fara ekki frá borðinu meðan á máltíð stendur og fastar athafnir marka upphaf og endi máltíðar til að barnið viti til hvers er ætlast af því.
- **3-6 ára:** Á eldri deildum hjálpa börnin til við undirbúning hádegisverðar. Þau sækja leirtau, leggja á borð og ná í það sem vantar í eldhús. Börnunum finnst heilmikil upphæfð í því að bera ábyrgð á þessu starfi með kennara sínum. Við máltíðir skammta börnin sér sjálf, rétta hvort öðru og æfa sig í að beita hnífapörum. Skemmtilegt spjall og vangaveltur eiga að vera hluti af góðri stund við matarborðið.

Hvíld

Öll börn og kennarar leikskólans taka sér hvíld eftir hádegismat og eru lagðar dýnur á gólf inni á deildum svo vel fari um alla. Yngstu börnin sofa en þau eldri eiga rólega stund og ná slökun í amstri dagsins. Á þessum tíma tekur starfsfólk ekki við símtölum og ekki er leyfður umgangur um deildirnar.

- **1-3 ára:** Börnin hafa sinn fasta stað í hvíldarrýminu og er lengd hvíldartíma ákveðinn í samráði við foreldra barnsins. Á Bláu deild fylgir ávallt sami kennari börnunum í hvíld og hvert barn hefur eigið teppi og kodda.

- **3-6 ára:** Hvíldartíminn stendur í u.þ.b. hálf tíma og er hlustað á efni af geisladiskum til dæmis, rólega tónlist, sögur og ævintýri. Börnin hvílast með sitt teppi og kotta og hafa með sér tuskudýr ef þau óska.

Námssvið leikskólans

Námssvið leikskólans eru áhersluþættir í leikskólauppeldi. Þau eru: hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag. Námssviðin skarast og eru samofin undirstöðuþáttum leikskólastarfs: leik, daglegri umönnun og almennri lífsleikni.

Hreyfing

Börn hafa þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað og með aukinni færni vex sjálfstraust þeirra og sjálfstæði. Mikilvægt er að börnin reyni á getu sína og þjálfí samhæfingu, jafnvægi, liðleika, snerpu, styrk og úthald. Nýjar áskoranir auka kjark og þor, sigrar efla einurð og baráttugleði.

Öll börn fara í skipulagða hreyfistund einu sinni í viku í sal leikskólans. Leikskólinn hefur komið sér upp ágætu safni áhalda til leikfimiðkunar og byggja stundirnar m.a. á þrautabrautum þar sem reynir á ýmsa þætti. Einnig er farið í hóp- og boltaleiki, dansað, og ýmislegt fleira. Í þessum stundum er líf og fjör auk þess sem börnin læra að fara eftir fyrirmælum, vinna sem hópur og taka tillit hvert til annars.

Í útivist fá börnin gott rými til hreyfileikja og einnig er vinsælt að fara í gönguferðir út fyrir leikskólann. Yfir vetrartímann höfum við afnot af sal TBR (Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur) aðra hvora viku. Barnahópurinn gengur báðar leiðir og við nýtum okkur frábæra aðstöðu. Í boði foreldrafélagsins kemur til okkar danskennari á vormánuðum. Danskennslan er einu sinni í viku í sex skipti og taka öll börn þátt.

- **1-3 ára:** Eins og í fleiru er hér farið frá hinu einfalda til hins flókna og mest lagt upp úr að skapa aðstöðu þar sem börnin eru í hlaup-, hopp-, jafnvægis- og klifurleikjum. Í hreyfistundum er einnig farið í einfalda hringleiki og leikið með fallhlíf. Þegar börnin hafa getu til fara þau í TBR með eldri börnunum.

- **3-6 ára:** Börnin fara í hópum inn í sal leikskólans einu sinni í viku og gera æfingar sem reyna á snerpu, þol og jafnvægi. Í þessum stundum er einnig farið í hreyfileiki sem eru vinsælir meðal barnanna.

Málrækt

Málrækt og málörvun kemur inn á alla þætti í leikskólastarfinu. Börn á leikskólaaldri læra tungumál fyrst og fremst af raunverulegum aðstæðum sem þau eru þátttakendur í og þess vegna hafa allir starfsmenn leikskólans hlutverki að gegna í málrækt og málörvun. Sérstaklega er unnið að markvissri málörvun með hlustun og hlustunarleikjum, minnis- og rímleikjum og einnig leikjum til að auka hugtakaskilning, orðaforða, hljómfall málsins og takt. Í samveru og söngstundum eru oft gerðar skemmtilegar æfingar með talfærunum.

Auk þess tungumálanáms sem fer fram í leik og starfi þá eiga öll börn kost á sérstakri þjálfun ef nauðsyn ber til. Þau börn sem hafa íslensku sem annað mál eða koma frá heimili þar sem tvö eða fleiri tungumál eru töluð þurfa oft á sérstökum stuðningi að halda til að ná fullum tókum á íslensku. Einstaklingsnámskrá er unnin í samvinnu við foreldra út frá mati á stöðu barnsins og þar kemur fram hvernig námi barnsins og samvinna við foreldra skuli háttað.

- **1-3 ára:** Á yngri deildum er máltakan eitt stærsta þroskaverkefni barnanna og er mikil áhersla lögð á að örva börnin til máls með því að tala við þau, hlusta og setja orð á alla hluti í daglega lífinu. Leikur að hljóðum og orðum í samverustundum vekur oft mikla kátínu.
- **3-6 ára:** Á eldri deildum eru börnin orðin leiknari við að beita málinu og sífellt að auka við orðaforða sinn. Lesið er daglega fyrir þau úr fjölbreyttum bókum og þau læra lengri og flóknari söngtexta. Til þess að auka hljóðkerfisvitund, sem grunnur fyrir lestrarnám, eru leikir og þrautir úr bókinni *Markviss málörvun* eftir Helgu Friðfinnsdóttur, Sigrúnu Löve og Þorbjörgu Þóroddsdóttur er notaðir. Börnin læra til að mynda að klappa atkvæði í orðum og farið er með þulur og ljóð með tilliti til stuðla, höfuðstafa og hrynjandi.

Tákn með tali

Tákn með tali er hluti af menningu leikskólans. Tákn með tali (TMT) er tjáningarform, ætlað heyrandi einstaklingum sem eiga við mál- og talörðugleika að stríða. Það er byggt á látbragði, svipbrigðum, táknum og tali. Táknunum er skipt í:

- **Náttúruleg tákn** - byggjast á því að athöfn er leikin eða eiginleikum lýst.
- **Eiginleg/samræmd tákn** - eru flest fengin að láni úr táknmáli heyrnarlausra.

Í TMT eru táknið alltaf notuð samhliða töluðu máli og aðeins lykilorð hvernar setningar, eitt eða fleiri, táknuð. TMT er leið til tjáskipta jafnframt því sem hún örvar málvitund og málskilning barna.

Myndsköpun

Í myndsköpun komast börnin í snertingu við ólíkan efnivið sem reynir á skilningarvit þeirra og eflir fagurþroska. Við leggjum ríka áherslu á að upplifun barnanna skipti meira máli en útkoman sjálf og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Inni á deildum hafa börnin aðgang að efni og áhöldum til myndsköpunar en unnið er að stærrri verkefnum í listaskála leikskólans.

Hver deild hefur aðgang að listaskála minnst tvisvar sinnum í viku. Myndsköpun spilar stórt hlutverk í hópastarfi og börnin tjá upplifun sína og reynslu í myndverkum. Til þess að örva fagurþroska barnanna er farið í ferðir til að skoða myndlist á listasöfnum eða fylgjast með stærrri listviðburðum, til dæmis tengdum listahátíð í Reykjavík eða barnamenningu. Sumrin kalla á meiri útiveru og þá færum við okkur út með myndsköpunina og skipuleggjum eina viku með sérstaka áherslu á myndlist.

- **1-3 ára:** Á heimastofu fá börnin einfaldan efnivið t.d. mjúkan leikleir og breiða liti. Í listaskála notum við tröurnar og vinnum með stóra fleti. Börnin standa og nota stórar hreyfingar í listsköpun sinni. Í fyrstu eru þau bæði að læra að umgangast efnivið og verkfæri og tileinka sér grunnfærni til myndsköpunar.
- **3-6 ára:** Eftir því sem færni barnanna eykst geta þau valið úr fjölbreyttari efnivið og áhöldum bæði á heimastofu og í listaskála. Samhæfing hugar og

handar þróast og fínhreyfingar verða sífellt nákvæmari. Þó vissulega standi öll verkefni öllum börnum til boða er reynt að leggja áherslu á að hvert barn geti unnið að myndsköpun sinni á eigin forsendum og að allir þurfi ekki að gera það sama. Í listaskála er miðað við að börnin geti verið sem mest sjálfbjarga þó hjálp kennarans standi ávallt til boða.

Tónlist

Tónlist er mikill gleðigjafi og mikilvægt að börn fái að njóta hennar og hrífast með. Börn tjá sig í gegnum tónlist og hún er lifandi og skemmtileg leið til að tileinka sér tungumálið. Fjölbreytt tónlist vekur næmni barnsins fyrir hljóðum, hrynjanda og hreyfingu. Hljómflutningstæki eru á öllum deildum og er tónlist bæði notuð til að hafa í bakgrunni þegar börnin eru í ákveðnum verkefnum eða við virka hlustun þegar við kynnum okkur betur ákveðin tónverk eða tónlist. Söngstund er minnst einu sinni á dag þar sem allir syngja saman og læra ný lög. Sönglöggin eru fjölbreytt, börnin koma oft sjálf með tillögur að nýjum lögum og nota allskonar hreyfingar með söngnum. Við leitumst við að sækja vísur, þulur og kvæði í íslenskan menningararf og syngjum mikið um krumma á veturna. Leikskólinn á lítið safn hljóðfæra sem eru óspart notuð við ýmis tækifæri. Yfir vetrartímam koma börn og kennarar af öllum deildum saman í salnum á föstudögum og við njótum þess að hittast öll og syngja saman. Í sumarstarfinu er skipulögð vika tileinkuð tónlist og eru áherslur ólíkar frá ári til árs. Börnin hafa til dæmis tekið fyrir ákveðið tónverk eða tónlistarmann, búið til eigin hljóðfæri og undanfarin ár hefur ungt tónlistarfólk frá sumarstarfi Hins hússins komið í heimsókn. Sinfóníuhljómsveit Íslands býður elsta árgangi barnanna á tónleika á hverju vori og einnig höfum við átt skemmtilegt samstarf við Tónskóla Sigursveins og sækjumst eftir framhaldi á því.

Náttúra og umhverfi

Hver árstíð býður upp á ólíkar upplifanir og við leggjum áherslu á að njóta þess sem er hverju sinni, vetur, sumar, vor og haust. Staðsetning leikskólans býður upp á marga möguleika til náttúru og umhverfismenntar, hverfið er gróið og með skemmtilegum gönguleiðum. Farið er í bæði styttri og lengri vettvangsferðir þar sem umhverfið er skoðað með tilliti til árstíða og veðurfars. Í þessum ferðum er oftast en ekki sóttur efniviður til myndsköpunar svo sem sandur, steinar, gróður og könglar. Í

Laugardalinn er hægt að sækja í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og Grasagarðinn bæði í fámennum hópum og svo allir í leikskólanum saman. Dýrin vekja endalausa forvitni og áhuga barna en fyrir utan ferðir í Húsdýragarðinn og árlegan hundadag, þar sem kennarar hafa komið með hundana sína í heimsókn, er vinsælt að skoða skordýrin í garðinum og nota þá gjarnan stækkunargler og smásjá. Virðing fyrir öllu lifandi, stóru og smáu, er okkar sýn til náttúrunnar og við kennum börnunum að umgangast dýr og gróður í samræmi við það. Á sumrin eru elstu börn leikskólans með matjurtagarð hjá Skólagörðum Reykjavíkur með kennara sínum.

Endurvinnsla og umhverfisvernd

Tómum mjólkurfernum og pappír er safnað til endurvinnslu og allur pappi sem fellur til í leikskólanum er settur í sérstakan gám við leikskólann. Við reynum að leggja okkar að mörkum til að minnka umbúðir sem berast til leikskólans og börnin nota þær umbúðir sem til falla bæði í leik og skapandi starfi.

Menning og samfélag

Leikskólinn er staðsettur miðsvæðis í borginni sem gerir okkur auðveldara með að fara í stuttar ferðir og heimsækja hinar ýmsu menningar- og þjónustustofnanir. Vinnustaðir og atvinna hinna fullorðnu vekja alltaf áhuga barnanna og er mikilvægt fyrir börnin að fá innsýn í samfélagið með heimsóknum á hina ýmsu vinnustaði.

Sólheimabókasafn er góður nágranni og er safnið mikið notað auk þess sem elstu börnin fara í lesstundir á vegum safnsins. Við leggjum okkur fram við að taka þátt í viðburðum með öðrum leikskólum eins og ferðum á sinfóníutónleika, atburðum tengdum vetrarhátíð eða hvað sem er í boði hverju sinni. Við leitum samstarfs ytri aðila, til dæmis Tónskóla Sigursveins, fáum leikrit í hús, danskennslu á vordögum og tónlistarfólk frá Hinu húsinu hefur komið í heimsókn síðastliðin ár. Á degi íslenskrar tungu fáum við rithöfund til að lesa upp úr verkum sínum.

Íslenskum hefðum er haldið á lofti til vekja áhuga barnanna á uppruna sínum og menningu, sjá kafla um hátíðir og hefðir hér að neðan. Samtímis er lögð áhersla á margbreytileikann gildi þess að bera virðingu fyrir öðrum, óháð uppruna og lífsviðhorfum. Barnamenningu, sem oft tengist sjónvarpsefni, ofurhetjum og kímni gáfu barnanna sjálfra, er að sjálfsögðu gert hátt undir höfði.

Hátíðir og hefðir

Ársáætlun skólans er svipuð ár frá ári. Fastir liðir hafa áunnið sér sess og nýir koma inn. Hátíðir og hefðir setja lit sinn á lífið í leikskólanum, okkur þykir vænt um það gamla og góða um leið og við sýnum nýjum og spennandi upptakomum áhuga. Í desembermánuði eru hefðirnar hvað mest áberandi í starfinu og nóg um að vera.

- **Aðventukaffi** er í byrjun aðventu og þá er foreldrum og systkinum barnanna boðið í heimsókn í lok dags og boðið upp á íslenskt jólagóðgæti svo sem heitt súkkulaði með rjóma, randalínur og piparkökur auk þess sem Holtaborgarkórinn (öll börn leikskólans) syngur fyrir gestina.
- **Holtakaffi** er lítið „kaffihús“ sem opnar eina viku í desember í sal leikskólans. Þangað fara börnin í litlum hópum með kennara sínum og drekka heitt súkkulaði með rjóma, borða piparkökur og eiga notalega stund.
- **Jólaball** er haldið í sal leikskólans um miðjan desember. Börnin mæta prúðbúin, dansa í kringum jólatréð og jólasveinar koma í heimsókn með gjafir. Í hádeginu þann dag er borðað hangikjöt með öllu tilheyrandi.
- **Við blótum þorra** með því að borða íslenskan mat og súrmeti og með því að grúska í gamla tímanum. Sungin eru lög tengd vetri og þorra og sérstaklega unnið með eitt ákveðið íslenskt ævintýri hvert ár. Elstu börnin fara á Árbæjarsafn.
- **Bolludagur** er haldinn með hefðbundnum hætti, rjómobollur á borðum og fiskibollur í hádeginu.
- **Á sprengidag** borða allir yfir sig af saltkjöti og baunum.
- **Öskudagur** er stór dagur í leikskólanum, allir koma grímuklæddir, við sláum upp balli og kötturinn er sleginn úr tunnunni.
- **Dagur íslenskrar tungu** hefur verið að festast í sessi í starfi leikskólans. Við fáum til okkar íslenskan rithöfund í tilefni dagsins sem les úr verkum sínum og spjallar við börnin. Vikurnar á undan höfum við lesið ákveðin verk höfundarins.
- **Opið hús** er í leikskólanum að vori. Börnin halda sýningu á verkum sínum og Holtaborgarkórinn syngur nokkur lög.
- **Útskriftarferðalag** er í maí á hverju ári. Þá er farið með elstu börnin út fyrir borgina heilan dag, grillað, borðað nammi til tilbreytingar og farið í leiki.

Tilgangur ferðarinnar er fyrst og fremst að eiga skemmtilegan dag með börnunum.

- **Útskrift elstu barna** er daginn eftir útskriftarferðalagið. Þetta er hátíðleg stund með fjölskyldunni og kennurum barnsins þar sem barnið er útskrifað frá leikskólanum og fær að gjöf rós og veglega ljósmynd af útskriftarhópnum.
- **Sumarhátíð** er haldin í lok dags fyrirpart sumars og njóta kennarar, börn og fjölskyldur barnanna samvista í garði leikskólans. Boðið er upp á grillaðar pylsur, ís og skemmtiatriði.
- **Afmæli barnanna** eru haldin hátíðleg. Afmælisbarnið má bjóða börnunum á deildinni sinni upp á veitingar, þó ekki sælgæti, og fær afmæliskórónu í veislunni. Barnið velur sér „afmælisborðbúnað“ sem er geymdur í sérstökum skáp og íslenski fáninn skreytir borðið. Afmælissöngurinn er sungin og allir í leikskólanum eru meðvitaðir um afmæli barnsins.

Í menningu Holtaborgar er einnig mikið af skemmtilegum hefðum. Nokkrum sinnum á ári eru böll, s.s. náttfataball, hattaball, bangsaball og lokaball vetrarstarfsins.

Tölvur

Á Gulu deild eru tölvur í boði á leiktíma. Börnin skiptast á að fara í tölvuna tvö og tvö saman, þau hjálpast að, sem reynir á samskipti og samvinnu. Í boði eru þroskandi leikir sem reyna á hugtaka- og talnaskilning og þjálfá einbeitingu og rökhugsun. Í samvinnu við starfsfólk hafa börnin á Gulu og Rauðu deild aðgang að veraldarvefnum sem er aðallega notaður við upplýsingaöflun í tengslum við þemastarf og könnunaraðferðina.

Verkefni elstu barna

Þau börn sem fara í skóla að hausti koma saman einu sinni í viku með kennara sínum og vinna að skemmtilegum verkefnum. Sérstök námskrá gildir fyrir starf með 5 ára börnum þar sem koma fram markmið sem unnið er að í þessum stundum. Mikilvægt er að allir fái notið sín, að viðfangsefnin séu bæði ögrandi og áhugaverð og börnin

tileinki sér sjálfstæði í vinnubrögðum. Þessu til viðbótar taka börnin þátt í ýmsum utanaðkomandi verkefnum sem eru breytileg frá ári til árs.

Sumarskóli

Í júní og fram í ágúst fara elstu börnin í svokallaðan sumarskóla, en þá er búin til ný deild fyrir þau í sal leikskólans. Tilgangur sumarskólans er að ýta undir sjálfstæði barnanna fyrir komandi skólagöngu. Í sumarskólanum vinna börnin ýmis skemmtileg verkefni og farið er í vettvangsferðir tvisvar í viku. Fastir liðir eru hjólaferð í Elliðaárdalinn, grillferð í Laugardalinn, óvissuferð í Öskjuhlíðina og ferð í Nauthólsvík. Aðrar ferðir eru farnar í samræmi við óskir barnanna.

Samstarf leik- og grunnskóla

Holtaborg er í samstarfi við hverfisskólana sem eru Vogaskóli og Langholtsskóli. Farið er í gagnkvæmar heimsóknir þar sem leikskólabörnin taka þátt í starfi grunnskólabarnanna og grunnskólabörnin koma í leikskólann og taka þátt í leikskólalífinu. Á þann hátt sköpum við tengingu á milli skólastiga. Samstarf leik- og grunnskóla er alltaf í þróun og hittast skólastjórnendur og kennarar einu sinni á ári til að meta og skipuleggja samstarfið fyrir hvert ár.

Fjölmennning

Á Holtaborg er unnið eftir stefnu Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á að leikskólarnir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins og virði þá fjölbreytni sem er í nemenda- og foreldrahópnum. Í leikskólanum skal sinna börnunum út frá þörfum og sérkennum hvers og eins og gildir þá einu hvort þau eru innfæddir Íslendingar eða af erlendum uppruna. Í starfi með foreldrum og börnum er litið á hvern og einn sem einstakling til að forðast staðalmyndir. Leikskólasvið Reykjavíkur leggur áherslu á að börn af erlendum uppruna þrói með sér tvítyngi. Markmiðið er að börnin geti viðhaldið þeim tungumálum sem töluð eru af foreldrum en læri íslenskuna sem viðbótarmál. Við aðlögun er mikilvægt að þau börn sem ekki skilja íslensku fái lengri tíma til aðlögunar og að móttaka og stuðningur sé við hæfi. Í

foreldraviðtölum er kallaður til túlkur en þó alltaf í samráði við foreldra. Hjá Leikskólasviði Reykjavíkur hefur verið lögð áhersla á að þýða dvalarsamninga og upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar á erlend tungumál og hlutverk okkar er að gera þær aðgengilegar fyrir foreldra.

Einu sinni á ári setjum við okkur í stellingar og vinnum sértaklega með heimamenningu barna og/eða kennara í sérstöku þemastarfi sem við köllum fjölmenningarviku. Matarmenning og þjóðareinkenni eru þá dregin fram, við lærum söngva sem lifa áfram í söngstundum allt árið og við fáum gesti í heimsókn. Við val á bókum og leikefni fyrir leikskólann er reynt að endurspegli menningarlega fjölbreytni..

Heiltæk skólastefna

Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði og eru af ólíku bergi brotin. Markmið leikskólans er að öll börn eigi jafna stöðu til náms og njóti sömu uppeldisskilyrða. Með því að sýna sveigjanleika í starfi og vilja til að koma til móts við þarfir hvers barns viljum við gefa öllum börnum tækifæri til að njóta þess að vera í leikskóla. Verkefni við hæfi og á forsendum barnsins gefur því færi á að njóta sín í barnahópnum og styrkja sjálfsmynd sína.

Sérkennsla

Við leikskólann starfar þroskaþjálfari sem sér um sérkennslumál. Ef grunur vaknar um seinkun í andlegum, líkamlegum eða félagslegum þroska er leitað til sálfræðinga á Þjónustumiðstöð Laugardals- og Háaleitis sem sjá um frumgreiningar á þroskafrávikum barna. Þeir sjá um sérfræðilega ráðgjöf til foreldra og starfsfólks í leikskólanum. Sérkennslan fer að mestu fram í daglegu starfi inni á deildum á þann hátt sem hentar hverju barni. Gerð er einstaklingsáætlun sem er nokkurs konar námsskrá sem miðast við þarfir barnsins.

Foreldrasamstarf

Foreldrar eru aðaluppalendur barna sinna og í leikskólanum er unnið að velferð barnanna og uppeldi í samvinnu við þá. Að vori eru foreldrar nýrra barna boðaðir á kynningarfund. Þar er starfsemi leikskólans kynnt, gerður dvalarsamningur og foreldrar fá dagsetningar um hvenær aðlögun barnsins getur hafist.

Aðlögun barnsins er sameiginlegt verkefni foreldra og kennara og mikilvægt að það ferli gangi vel fyrir sig. Sami kennari fylgir barninu eftir í aðlögunarferlinu til að byggja upp traust og örugg tengsl við barnið og leggja grunn að góðu foreldrasamstarfi. Í þeirri viku sem aðlögun stendur yfir er fyrsta viðtal við foreldra barnsins. Í fyrsta viðtali er boðið upp á tulkapjónustu þegar þörf krefur, en þó ávallt í samráði við foreldra. Á Bláu deild er aftur boðið upp á viðtal um það bil tveimur mánuðum eftir að aðlögun er formlega lokið til að fara yfir gang aðlögunar og síðan eru foreldraviðtöl aftur að vori. Á Gulu og Rauðu deild fara foreldraviðtöl fram í afmælistánuði barnsins og ef foreldrar óska þess er ávallt hægt að eiga samtál við kennara leikskólans á öðrum tímum. Á haustin er haldinn foreldrafundur og er vetrarstarfið kynnt.

Í daglegum samskiptum leggjum við áherslu á opin og góð samskipti og að allir hlutaðeigandi fái upplýsingar sem varða velferð barnsins. Við viljum að foreldrar finni að þeir séu velkomnir og að leikskólinn sé þeim opin.

Upplýsingamiðlun um starfsemi leikskólans fer að miklu leyti fram í gegnum dagleg samskipti. Auk þess eru upplýsingatöflur við hverja deild þar sem greint er frá því sem er á döfinni hverju sinni. Fréttabréf Holtaborgar kemur út að jafnaði annan hvern mánuð. Á haustin er gefið út skóladagatal þar sem allir helstu viðburðir ársins eru tilgreindir og á haustin er ársáætlun leikskólans dreift til foreldra. Við höfðum til ábyrgðar foreldra að fylgjast með því sem er að gerast í leikskólanum hverju sinni.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Foreldrar frá öllum deildum sitja í stjórn félagsins sem fundar reglulega yfir veturinn. Aðstoðarleikskólastjóri er tengiliður leikskólans við félagið. Hlutverk félagsins er að auðga það starf sem þegar er fyrir með því að standa fyrir ýmsum uppákomum..

Samstarf starfsfólks og stjórnunarhættir

Á Holtaborg viljum við að allir leggi sitt að mörkum til að mynda samhentan starfsmannahóp með jákvæð viðhorf og metnað í starfi. Mikilvægt er að traust og hlý samskipti séu milli starfsfólks og að allir virði skoðanir hvers annars.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á faglegu starfi leikskólans og daglegum rekstri. Fagmenntað starfsfólk ber ábyrgð á og stjórnar deildarstarfi. Sérkennslumál leikskólans eru í höndum þroskaþjálfara. Allir kennarar og starfsmenn leikskólans fá tækifæri til að þróa sig áfram í starfi og sækja menntun bæði með fyrirlestrum á námskeiðsdögum og námskeiðum utan leikskólans.

Fundir

- **Morgunfundir** eru örstuttir fundir sem haldnir eru á hverjum morgni til að skipuleggja daginn. Einn starfsmaður af hverri deild, oftast deildarstjóri, ásamt leikskólastjóra sitja þessa fundi.
- **Deildarfundir** eru hálfsmánaðarlega með starfsfólki hvernar deildar en þá eru málefni deildarinnar til umræðu.
- **Deildarstjórafundir** eru í hádeginu á föstudögum eða eftir þörfum. Hann sitja leikskólastjóri og deildarstjórar. Bæði eru einstök mál og skipulagning leikskólastarfsins í heild tekin fyrir.
- **Starfsmannafundir** sem allir kennarar og starfsmenn leikskólans sitja eru haldnir um það bil sex sinnum á ári utan opnunartíma leikskólans. Á þessum fundum höfum við fengið til okkar ýmsa fyrirlesara auk þess sem þeir eru vettvangur fyrir sameiginlegar umræður um daglega starfið. Þar eru einstök mál borin undir starfsmannahópinn.
- **Skipulags- og námskeiðsdagar** eru fjórir á ári og er leikskólinn þá lokaður. Skipulagsdagar eru að hausti og vori og nýttir til að skipuleggja og undirbúa vetrar- og sumarstarfið. Á námskeiðsdögum sækjum við okkur innblástur með því að fá til okkar fyrirlesara eða listafólk. Einnig heimsækjum við aðra leikskóla eða förum í lengri námsferðir.
- **Samráðsfundir** leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra eru haldnir einu sinni í viku.
- **Starfsmannasamtöl** eru einu sinni á ári. Þá fer hver og einn starfsmaður í viðtal til leikskólastjóra þar sem farið er yfir líðan og upplifun hans af

vinnunni. Einnig setur starfsmaður sér markmið í endurmenntun í samráði við leikskólastjóra.

Heimildir

Aðalnámskrá Leikskóla. Menntamálaráðuneytið. 1999.

Bae, Berit. 1996. *Det interessante i det alminnelige: en artikkelsamling*. Pedagogisk Forum, Oslo

Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. 1998. *Tákn með tali orðabók*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Dewey, John. 2000. *Reynsla og menntun*. Rannsóknarstofnun Kennarsháskóla Íslands, Reykjavík.

Fjölmenningsstefna fyrir leikskóla í Reykjavík. 2006. Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Goldschmied E og Jackson, S. 1994. *People under three*. Routledge, London.

Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir. 1988. *Markviss málörvun*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Hreinlæti og hreinlætisvenjur í leikskólum Menntasviðs Reykjavíkurborgar. 2006. Menntasvið Reykjavíkur.

Valborg Sigurðardóttir *Leikur og leikuppeldi*. 1991. Menntamálaráðuneytið.